

Annar fundur Gammadeildar starfsárið 1916-1917 þann 4. október 2016

Það var notalegt að koma inn í Landakotsskólann í hryssingslegu veðrinu þriðjudaginn 4. október. Þröngt var setið í einni skólastofunni, Ingibjörg Jóhannsdóttir skólastjóri bauð okkur allar velkomnar og Ingibjörg formaður setti fundinn. Hún bauð konur úr Lambadeild sérstaklega velkomnar og er þetta sameiginlegur fundur deildanna. Þær eru ung deild og eiga 6 ára afmæli á þessu starfsári en Gammadeildin komin á miðjan aldur og verður 40 ára, og mikilvægt að eiga samvinnu. Formennirnir kveiktu á kertum vináttunnar, trúmennskunnar og hjálpseminnar. Nafnakall var aðeins lengra en venjulega og sá formaðurinn Gerður Magnúsdóttir um Lambadeildarnafnakallið og María Pálmadóttir fyrir okkur í Gammadeild og voru 30 okkar kvenna mættar: Anh-Dao Tran, Björk Einisdóttir, Bryndís Steinpórsdóttir, Edda Pétursdóttir, Edda Vikar Guðmundstóttir, Elín Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Helga G. Halldórsdóttir, Helga Thorlacius, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir.

Þá var komið að fundargerðum beggja deilda og sagði ritari Lambadeildar Birna Sigurjónsdóttir frá þeirra síðasta fundi og undirrituð las upp knappa útgáfu af síðasta fundi Gammadeildar.

Orð til umhugsunar flutti Gerður, formaður Lambadeildar og rifjaði upp kynni sín af konum sem voru af erlendu bergi sem hún kynntist í Noregi. Hún sagði sögu tveggja þeirra sem voru mæður barna í leikskólanum þar sem hún kenndi. Henni var umhugað um misrétti kvenna og mismun aðstæðna og möguleika þeirra. Mama Ding var sködduð á heyrn með mörg börn á handlegg sem bjó við erfiðar heimilisaðstæður og Harebe sem bar sig eins og drottning en hafði aldrei lært að skrifa. Hún lýsti því hvernig smá skilningur var ríkulega launaður í þakklæti og finnst líf sitt ríkara eftir að kynnast þessum mætu konum og sigrum þeirra í að fóta sig á nýjum slóðum.

Fyrri erindi kvöldsins var um þróunarverkefnið *Lifandi gagnasafn í íslensku sem öðru máli í Landakotsskóla* sem Anna Guðrún Júlíusdóttir kennari við skólann vann að og er hluti af doktorsverkefni hennar. Verkefnið á sér langa sögu og hefur þróast frá síðustu aldamótum en þá vann hún í Breiðholtsskóla en þangað komu margir frá ríkjum fyrrum Júgóslavíu. Í byrjun byggðist það á spilum síðan vann hún mikið með uppbyggingu og þróun á vefumhverfi tungumálatorgsins en gallinn er að það úreltist mjög fljótt. Núverandi verkefni skiptist í 4 flokka og viðfangsefnin taka mið af hæfni nemenda í tungumálinu.

- Sá fyrsti er *Íslenska í skókassa* sem byggir á handriti og leikmunum fyrir nemendur sem kunna enga íslensku. Sem dæmi er dúkkuhús með allskonar munum og fólki.
- Annar flokkurinn er 1000x2 myndir og orð, orðaspjöld og myndir ásamt handriti sem er vegvísir kennara, leiðbeiningar um spurningar og hvað þarf að benda á.
- Þriðji flokkurinn samanstendur af orðhlutum og orðaforða til að stuðla að orðhlutavitund, því fylgir einnig handrit og tillögur um bækur og orðaskjóður. Hún nefndi sem dæmi töfraorð úr bókinni Bita-kisa og leggur áherslu á að

kenna fá orð og nota þau á ólíkan hátt, æfing og endurtekning sé mikilvæg og orðin og notkun þeirra þurfa að verða sjálfkrafa. Það er brýnt að nemendur myndi djúpan skilning á orðunum og það er gert með því að taka orðin í sundur og nota fjölbreyttar endurtekningar.

- Í fjórða og síðasta flokknum eru ratleikir, handrit og borðleikir þar sem nærumhverfið er í brennidepli og radíus í kringum skólann nýttur en þar er hægt að finna búð, kaffihús o.s.frv.

Í öllum flokkunum er lögð áhersla á að nota kennslustundina til að tala en ekki að skrifa eða föndra. Nemendur eru samt með eitthvað milli handanna, hluti sem tengjast viðfangsefninu. Það var auðvelt að hrífast með áhuga Önnu Guðrúnar þegar hún talaði um verkefnið og hún vitnaði oft í kennslufræðinginn Dr. Robert J. Marzano.

Seinna erindið flutti Laurie Ann Berg deildarstjóri alþjóðlegu deildarinnar í Landakotsskóla. Deildin vinnur eftir námskrá Cambridge International School og var að hefja sitt annað skólaár. Í deildinni eru 43 nemendur sem koma frá 26 löndum. Í Landakotsskóla eru í allt 220 nemendur frá 5 ára upp í 10. bekk. Þörfin fyrir alþjóðlega deild ræðst aðallega af börnum foreldra sem starfa á Íslandi í erlendum sendiráðum, menntamálum eða viðskiptum (35%). Þá eru nemendur með tímabundna búsetu af ýmsum ástæðum (15%). Einnig er stór hópur sem staldrar stutt við, misseri upp í eitt ár, t.d. börn gestaprófessora. Síðan er stór hópur íslenskra barna sem eru tvítyngd. Í heiminum öllum eru 1000 alþjóðlegir Cambridge-skólar í 140 löndum. Þar sem námskrá er samræmd sem og stöðluð samræmd próf í stærðfræði á hverju ári auk framvinduprófa að vori (Cambridge progression tests) eiga nemendur auðvelt með að færa sig á milli alþjóðlegra Cambridge skóla í öðrum löndum eftir atvinnu foreldra. Námsbækurnar koma allar frá Cambridge í Bretlandi. Í Landakotsdeildinni eru 20 nemendur í Cambridge primary (5-11 ára) í tveimur aldursskiptum bekkjum. Þessir nemendur fara í frönsku með nemendum í Landakotsskóla. 23 nemendur eru í Secondary I sem er í raun 6.-8. bekkur og Secondary II (IGCCSE: International General Certificate of Secondary Education) sem er 9. og 10. bekkur.

Laurie sagði að helstu áskoranirnar sé aldursdreifing í bekkjunum og krafa um mismunandi efni innan hverrar kennslustundar. Hún tók dæmi af kennslustund í stærðfræði þar sem hún þarf stundum að kenna úr fimm mismunandi stærðfræðibókum. Þá eiga sumir nemendur erfitt með að aðlagast nýjum skóla og nýju umhverfi oft á 2ja ára fresti. Hegðunarerfiðleikar, tungumálaerfiðleikar í ýmsum myndum sem og námserfiðleikar eru einnig veruleiki deildarinnar. Það sem henni finnst jákvætt er að vera hluti af stærri heild og nemendur í eftirskóla frístundinni eiga meiri möguleika á að skapa vinatengsl við stærri hóp barna. Allir bekkir deildarinnar eiga vinabekki í Landakotsskóla og eru einnig saman í öllum sérgreinum. Auk þess koma nemendur úr Landakotinu í enskukennslu í alþjóðlegu deildinni. Laurie sagði að hún hafi starfað við nokkra alþjóðlega skóla á Íslandi og finnst ómetanlegt að vera hluti af stærri starfsmannaheild en áður.

Hér þurfti Edda að fara og Helga tók við sem ritari.

Eftir erindin fluttum við okkur á kaffistofu skólans og þáðum þar veitingar sem deildarkonur sáu um (Stefanía, Sigrún og Sirrý). Undir borðum var Ragnheiði Stefánsdóttur afhent rós og afmæliskort með ljóði og árnaðaróskum frá Gammadeild í tilefni 70 ára afmælis. Ingibjörg Jónasdóttir sagði frá Alþjóðþinginu sem haldið var dagana 5. – 9. júlí í Nashville, Tennessee. Ásamt henni sóttu þingið frá Íslandi þær Eygló Björnsdóttir landsambandsforseti og Sjöfn Sigurbjörnsdóttir. Hún sagði það einstaka upplifun að mæta á svona þing og hvatti konur til að sækja viðburð sem þennan.

Ingibjörg Einarsdóttir hvatti konur til að mæta vel á Landssambandsþingið sem verður á Akureyri 6.-7. maí 2017 og einnig að þær færu að huga að ferð á Evrópuþingið sem haldið verður í Eistlandi dagana 24.-29. júlí í sumar. Hún minnti á að næsti fundur Gamma deildar yrði 7. nóvember hjá Eddu Pétursdóttur, Álftarmýri 47. Þá þökkðu formennirnir gestgjöfum fyrir fundaraðstöðuna og fyrirlesurum fyrir erindin og afhenti þeim rósir. Áður en formennirnir slöktu á kertum og slitu fundi sungu félagskonur hressilega *Ljóðið um fuglana* eftir Davíð Stefánsson og lag Atla Heimis. Í lokin bauð Ingibjörg Jóhannsdóttir skólastjóri upp á skoðunarferð um skólann.

Fundargerð rituðu Edda Pétursdóttir og Helga Thorlacius